'Arið 2009, hinn 30. september.
Fundur í stjórn Oddafélagsins, haldinn í Odda.
Mætt voru: Þór Jakobsson formaður, Íris Björk Sigurðardóttir, Guðbjörg Arnardóttir.
Formaður setti fund og lagði fyrir eftirfarandi dagskrá:

1. Félagatalið.
2. Aðalfundur 14. október. Hvar? Nýr maður í stjórn. Félagsgjald.
3. Oddastefna 2010. Málefni. Hvar.
4. Framtíðarskipulag. Hugmyndir um deiliskipulag.
5. Samvinna við Háskóla Íslands
6. Þórður í Skógum. Heiðursfélagi.
7. Önnur mál.

1. Kristín Bjarnadóttir hefur sett félagatalið upp í Exel tölvuforriti og er það því aðgengilegra. Einn félagi hefur bæst við, Tryggvi Ásmundsson. Félagar eru um 75, enginn hefur gengið úr félaginu.
2. Ákveðið að halda aðalfundinn í Odda kl. 16:00-18:00 14. október. Íris mun senda út fundarboð í tölvupósti og hina hefðbundnu leið. Ákveðið að hafa sama félagsgjald. Skoðaðir möguleikar á nýjum stjórnarmeðlimi, Þór mun taka að sér að heyra í Ingibjörgu Ólafsdóttur hvort hún hafi hug á að bjóða sig fram til stjórnar.
3. Oddastefna er venjulega haldin á laugardegi sem næst 23. maí, sú hvítasunnuhelgi 2010 og því óhentug, ákveðið að halda Oddastefnu fremur laugardaginn 15. maí. Formaður kom með þá hugmynd að hafa efni þeirrar stefnu í ótt að umfjöllun um umhverfi og framtíðarsýn í Odda en hafa þó jafnvel eitt fræðsluerindi. Íris lagði til að stefnan yrði haldin í Safnaðarheimilinu á Hellu, sú tillaga samþykkt. Guðbjörg kom með tillögu að biðja Ingibjörg Ólafsdóttur að fjalla um væntanlega bók um sögu Hellu.
4. Guðbjörg greindi frá að land hinnar svokölluðu Oddatorfu væri óskipt land og því erfitt um vik að gera deiliskipulag. Formaður lagði fram teikningu af landi Odda frá Gesti Ólafssyni arkitekti og skipulagsfræðingi frá 1992. Formaður viðraði hugmyndir sínar um friðun Oddaumhverfisins þar sem komið væri

byggingu og görðum í tengslum við Sæmundarstofu, vísi að einhvers konar vísindaþorpi. Formaður hefur hug á að koma hugmyndum sínum frekar á framfæri við ráðamenn, hann mun setja hugmyndir sínar á blað og ræða við ríkisstjórnarmeðlimi og ráðherra.

5. Formaður talaði um að reyna að koma á formlegri samvinnu við Háskóla Íslands. Velt fyrir sér í hvers konar mynd samvinnan gæti verið. Íris benti á að skoða hvort önnur félög væru í samvinnu við Háskólann og nýta sér þá fyrirmynd. Formaður ætlar að kanna þetta frekar.

6. Stjórnin samþykkti samhljóða að bjóða Þórði Tómassyni heiðursfélagsaðild. Stefnt að því að veita honum heiðurinn á næstu Oddastefnu ef hann þiggur.

7. Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið.

Guðbjörg Arnardóttir, ritari.